

395. fundur.

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 8.september 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet Lára Björgvinsdóttir, formaður
Rúnar Gíslason,
Guðmundur Kristinsson, varamaður
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri
Guðmundur Andrésson, fundarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

1. Fundargerðir nefnda
 - 1.1. Fundargerðir Fræðslunefndar, dags. 6.6. og 5.9.2005.
Fundargerðir framlagðar og samþykktar.
 - 1.2. Fundargerðir Stefnumörkunarnefndar í húsnæðismálum grunn- og tónlistarskóla, dags. 20.6. og 30.8.2005. **Framlagðar fundargerðir. Fundargerðirnar samþykktar.**
 - 1.3. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 22.8.2005. **Framlagðar fundargerðir. Fundargerðirnar samþykktar.**
 - 1.4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 5.9.2005.
Framlagðar fundargerðir. Afgreiðslur í fundargerðinni samþykktar.
 - 1.5. Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 23.8.2005.
Fundargerðin framlagðar og samþykkt.
2. Aðrar fundargerðir.
 - 2.1. 156. stjórnarfundur Eflingar Stykkishólms, dags. 5.7.2005.
 - 2.2. 24. fundur LN og LSS, dags. 14.6.2005.
 - 2.3. Stjórn Sorpurðunar Vesturlands, dags. 22.6.2005.
Fundargerðirnar framlagðar.
3. Beiðni um námsvist í tónlistarskóla í sveitarfélagi utan lögheimilis nemanda.
Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu.
4. Kostnaðaráætlun á lokun svala þjónustuíbúða við Skólastíg.
Kostnaðaráætlun lögð fram.
5. Bréf Sólborgar ehf., dags. 2.9.2005 varðandi sölu á útgerðarfélaginu Sólborgu ehf. **Eigendur útgerðarfélagsins, Kristján Lárentínusson, Viðar Björnsson, Hörður Sigurðsson og Gunnlaugur Árnason mættu á fundinn kl. 17:10 og ræddu um þau áform að selja fyrirtækið. Gissur Tryggvason var erlendis. Þeir fóru af fundi kl. 17:30. Framlengdur var frestur á viðbrögðum við framlögðu bréfi til allt að**

30. september nk. Bæjarstjóra var var falið að kanna vilja heimamanna á kaupum á Sólborgu ehf.

6. Lóðarumsóknir.
 - 6.1. Hafdís Björgvinsdóttir sækir um lóð við Borgarflöt, við hlið leikvallar. **Umrætt svæði er ekki á skipulagi og verður umsækjanda gerð grein fyrir því.**
 - 6.2. Páll Aðalsteinsson sækir um lóð við Hjallatanga 2. **Lóðinni hefur áður verið úthlutað.**
 - 6.3. Emil og Bergur ehf. sækja um reit B á miðbæjarsvæði, við Letisund. **Lóðinni hefur áður verið úthlutað. Bæjarstjórn samþykkti 23. júní 2005 að lóðum í gamla miðbænum verði ekki úthlutað að sinni, á meðan verið er að skoða framkomnar hugmyndir um breytt skipulag. Sú úthlutun var því dregin til baka um sinn.**
7. Umsóknir um námsstyrk.
 - 7.1. Elísabet Valdimarsdóttir, leiðbeinandi við grunnskólann í Stykkishólmi.
 - 7.2. Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, starfsmaður á bæjarskrifstofu. **Umsóknirnar samþykktar.**
8. Tölvusamningur við HP. **Samþykkt að kaupa tölvurnar sem samningurinn tekur til þar sem það er ódýrara en að endurnýja rekstrarsamninginn.**
9. Sæferðir ehf., sækja um endurnýjun vínveitingaleyfis fyrir Særúnu skipaskrárnúmer 2427 og Brimrúnu skipaskrárnúmer 2227. **Samþykkt.**
10. Bréf Flugmálastjórnar Íslands, dags. 29.8.2005, varðandi flugvelli í umdæmi sveitarstjórnar. **Erindið samþykkt.**
11. Bréf verkefnisstjóra All Senses verkefnisins, dags. 30.6.05, frá bæjarráðsfundi nr. 393. **Samþykkt að veita kr. 100.000 til verkefnisins.**
12. Greinargerð um Háskólasetur í Stykkishólmi. **Lagt fram. Óskað var eftir fundi með þingmönnum Magnúsi Stefánssyni og Einari Oddi Kristjánssyni en Magnús sá sér ekki fært vegna anna að verða við þeirri beiðni.**
13. Golfklúbburinn Mostri, viðræður v. áframhaldandi uppbyggingar golfvallarins. **Ríkharður Hafnkelsson og Rafn Rafnsson komu á fundinn kl. 18:30 og kynntu áform um uppbyggingu golfvallarins. Einnig var rætt um þjónustusamning um tjaldsvæðið og lýstu þeir áhuga á að taka að sér rekstur tjaldsvæðisins. Þeir fóru af fundinum kl. 19:05**
14. Elísabet ræddi um að það þyrfti að tilnefna í nefndir í stað þeirra sem hafa flutt úr bænum.

15. **Lagt fram bréf frá Menju von Schmalensee varðandi setu í Framkvæmdaráði Snæfellsness.**
16. **Bæjarstjóri leiðréttir áður uppgefnar upplýsingar við framkvæmdir Hjallatanga, en þeim hafi verið frestað fram á næsta ár.**
17. **Lagt fram bréf Fjárlaganefndar Alþingis um. fundarboð 26. og 27. september nk.**
18. **Lagt fram bréf Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaga þar sem fram kemur að endanlegt framlag ársins 2005 sé kr. 21.477.069 vegna tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti.**

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19: 50

Guðmundur Andrésón, fundarritari